


## Mosfell

Heildarvegalegd: 1.6 km  
Byrjað í 100 m hæð, 150 m hækkun  
Skemmtileg leið en örlítið bratt upp  
Bótaskarðið.

Mosfell sést vel frá Þjóðveginum þegar keyrt er upp Grímsnesið (veg nr. 35). Gangan byrjar við kirkjustaðinn Mosfell og farið er slóðann sem er fyrir ofan/aftan við kirkjuna. Slóðinn liggur upp Bótaskarðið en það er aðeins á fótinn. Þaðan er stikuð leið að póstkassa. Af toppnum er víðsýnt, til dæmis má horfa yfir til Skálholtskirkju og upp til Laugarvatnsfjallanna.



Mosfell er þekktast fyrir þjóðsögu sína um Ketilbjörn gamla sem átti landnámsjörð sem nam Grímsnesið. Sagan segir að hann hafi átt ógrynni silfurs og í ellinni vildi hann koma því á öruggan stað svo hann gróf það í fjallinu fyrir ofan bæinn, Mosfelli. Hann hafði í för með sér ambátt og þræl til að grafa silfrið. Síðan drap hann þrælinn Haka í Hakaskarði og ambáttina Bót í Bótaskarði sem er beint fyrir ofan bæinn

svo enginn yrði til frásagnar um hvar silfrið mikla væri að finna.

Einnig eru til sögur af álfabyggðum við Mosfell og Sel. Í Kúalaut sem er neðan við prestsbústaðinn á Mosfelli er talinn vera álfasteinn. Uppi á steininum er grastorfa sem ekki má slá því. Talið var að besta kýrin dræpist í fjósinu ef sá blettur væri sleginn. Eins eru sögur tengdar slakka sem nær upp í fjallið norður af kirkjuhlaðinu og heitir Grímsdalur, þar hrekst hey aldrei.

Vestfirski hvuttinn.

Saga hefur verið sögð að vestfirðingur kom að Mosfelli sem gestur. Gekk hann inn í eldhúsið og sá eldastúlkuna þar og sagði; "Nú væri gaman að hita sér á kokknum" og fer að væflast utan í henni. Hún bregst illa við og slær hann með skörungnum. Þá fauk í gestinn og sagði; "Einhvern tímann hefðu vestfirðingar munað annað eins."

Gesturinn fór og skömmu síðar kom lítill hundur að bænum, hljóp hann beint að eldastúlkunni og upp undir föt hennar þar sem hann beit hana í annað lærið. Síðan hvarf hundurinn sporlaust og töldu menn að þetta hafi verið sending að vestan enda blés sárið á læri stúlkunnar upp og var efast um að stelpan lifði af. Henni batnaði þó aftur en var aldrei jafngóð.

Heimildir: Landið, Fólkið og Þjóðtrúin eftir Bjarna Harðarson.